



# Barnaheill

Save the Children á Íslandi

Þetta er ársskýrsla

Barnaheilla – Save the Children  
á Íslandi



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

### Stjórn

Kolbrún Baldursdóttir formaður  
Ásta Ágústsdóttir varaformaður  
María Sólbergisdóttir gjaldkeri  
Dögg Pálsdóttir meðstjórnandi  
Guðrún Kristinsdóttir meðstjórnandi  
Helga Sverrisdóttir meðstjórnandi  
Sigríður Olgeirsdóttir meðstjórnandi  
Þórarinn Eldjárn varamaður  
Tryggvi Helgason varamaður

### Starfsmenn

#### Fastráðnir

Ágúst Þórðarson starfandi  
framkvæmdastjóri (janúar-september)  
Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri  
(til 1. júlí - í leyfi janúar- júlí)  
Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri  
(frá október)  
Hulda Stefánsdóttir skrifstofustjóri  
Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri  
Björg Björnsdóttir verkefnastjóri (janúar-  
júlí)

#### Í tímabundnum verkefnum

Sigríður Guðlaugsdóttir (tók við af  
Björgu Björnsdóttur í júlí)  
Guðrún Ansnes Þorvaldsdóttir  
Kristín Hulda Gunnarsdóttir  
Þóra Jónsdóttir  
Klara Sól Ágústsdóttir

Ræstitæknir

Benný Brynjarsdóttir



Stjórn og starfsfólk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

### Nefndir

#### Kjörnefnd

Kolbrún Baldursdóttir  
Dögg Káradóttir  
Sigurjón Hjartarson  
Varamenn  
Einar Gylfi Jónsson  
Hrefna Friðriksdóttir  
Helgi Ágústsson

#### Lagaumsagnanefnd

Kolbrún Baldursdóttir  
Dögg Pálsdóttir  
Guðrún Kristinsdóttir  
Varamenn  
Einar Gylfi Jónsson  
Hrefna Friðriksdóttir  
Helgi Ágústsson

### Skoðunarmenn ársreikninga

Sigurjón Hjartarson  
Þórður Þórkelsson  
Varamenn  
Dögg Káradóttir  
Orri Hlöðversson

### Fulltrúar í stjórn Mannréttinda- skrifstofu Íslands

Guðrún Kristinsdóttir  
Petrína Ásgeirsdóttir (Erna Reynisdóttir)

### Löggiltur endurskoðandi

Árni Björn Birgisson

### Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir

## Efnisyfirlit

3 Frá formanni

3 Um Barnaheill

4 Frá framkvæmdastjóra

5 Innlent starf

11 Tekjur og gjöld 2012

12 Erlent starf

14 Uppbyggingar- og menntunarstarf í  
Pader og Agago héruðum í Norður-Úganda

15 Styrktaraðillar

16 Save the Children og barnasáttmáli  
Sameinuðu þjóðanna



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

Vísir þú á...

bökn eiga réttá  
HEILBRIGÐUM LÖNNUM

Ársskýrsla 2012

Barnaheill – Save the Children á Íslandi  
Reykjavík maí 2013

Prentun: Litróf – umhverfisvæn  
prentsmiðja

# Frá formanni

Allt frá stofnun alþjóðasamtaka Barnaheilla, Save the Children, árið 1919, hafa þau lagt megináherslu á að bæta réttindi barna. Stofnandinn og frumkvöðullinn Eglantyne Jebb og samstarfsfólk hennar, lögðu ríka áherslu á að réttur barna yrði tryggður með lögum. Eglantyne ritaði fyrstu dröggin að Sáttmála fyrir börn, sem síðar varð grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1921. Leiðin að bættri réttindastöðu barna hefur oft verið torfær. Stórir sigrar hafa þó unnist og einn sá allra stærsti og mikilvægasti fyrir börn á Íslandi er lögfesting barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrr á árinu. Sáttmálinn kveður á um borgaraleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi barna. Lögfestingin styrkir stöðir samtaka á borð við Barnaheill og auðveldar baráttuna fyrir bættum mannréttindum barna.

Þegar kemur að hagsmunum og réttindum barna þurfum við öll að standa vaktina. Við berum ekki einungis ábyrgð á að huga að velferð og réttindum okkar eigin barna, heldur annarra barna líka. Hvert barn á rétt til lífs, þroska, verndar og umönnunar

foreldra eða forráðamanna án skilyrða. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja styðja við uppaldendur með því að upplýsa sem flesta um innihald Barnasáttmálans. Samtökin hafa beitt sér fyrir því að hann verði sem aðgengilegastur, meðal annars á vefnum [www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is).

Flest börn á Íslandi búa við góðar aðstæður og í samræmi við réttindi sín samkvæmt Barnasáttmálanum. Uppaldendum ber að rækta persónuleika, andlega og líkamlega getu barna með því að hvetja þau til dáða, hrósa og fræða. Það er hins vegar margslungið og krefjandi verkefni að búa barn undir lífið og veita því veganesti sem gagnast út lífið. Enda þótt foreldrar og forráðamenn séu í lykilhlutverki leggja fjölmargir aðrir í lífi barnsins lóð á vogarskálarnar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi munu ásamt velunnurum sínum halda ótraud áfram og berjast af krafti og einurð fyrir réttindum barna.



Sameinuð viljum við geta vakið fleiri til vitundar um réttarstöðu barna til að ná fram aukinni og umfram allt varanlegri réttarbót öllum börnum til heilla.

Með þakklæti til allra þeirra sem lagt hafa málefnum barna lið.

Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla-Save the Children á Íslandi

## UM BARNAHEILL

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagsamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún á hugmyndina að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, eins og við þekkjum hann, og skrifaði fyrstu drög hans árið 1921. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mannúðar- og neyðarástoð þegar hörmungar dynja yfir samfélag.

Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagsamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar.

Heimasíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is). Þú finnur okkur líka á Facebook, Twitter og Instagram.



Barnaheill – Save the Children á Íslandi tóku í fyrsta sinn þátt í barnamaráðuninu Kapplaupinu um lífið sem alþjóðasamtökin Save the Children stóðu fyrir í 40 löndum árið 2012.

# Frá framkvæmdastjóra



Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri

Árið 2012 var annasamt hjá Barnaheillum - Save the Children á Íslandi. Af verkefnum ársins má helst nefna átak um bættu tannvernd barna á Íslandi. Samtökin stóðu fyrir málþingi í mars sem bar yfirskriftina „Heilbrigðar tennur: Mannréttindi eða forréttindi?“ Með eftirfylgni í formi undirskriftarsöfnunar og áskorunar til stjórnvalda, náðu samtökin bæði að vekja athygli almennings á málefnum og ná eyrum stjórnvalda gagnvart þeim mannréttindum barna að eiga rétt á heilbrigðum tönnum. Baráttumálið var að tryggja öllum börnum endurgjaldslausa tannlæknaþjónustu og er það fagnaðarefni að samningur þess efnis hefur nú verið undirritaður. Þáttur samtakanna í að opna umræðuna og þrýsta með þessum hætti á stjórnvöld og hlutaðeigandi aðila, varð án efa til þess að málið var leitt til lykta á þessum tímamarki.

Þáttur samtakanna í að opna umræðu og þrýsta á stjórnvöld og hlutaðeigandi aðila um bættu tannvernd, varð án efa til að málið var leitt til lykta á þessum tímamarki.


Í október tók Ísland í fyrsta sinn þátt í barnamaráðunum alþjóðasamtakanna Save the Children, sem fram fór sama dag í 40 löndum víðs vegar um heiminn. Tæplega 140 nemendur fjögurra skóla á höfuðborgarsvæðinu tóku þátt í að hlaupa maráðunum í boðhlaupsformi, en alls tóku yfir 20 þúsund börn þátt á heimsvísu. Hlaupinu er ætlað að vekja athygli á baráttunni gegn hungri og vannæringu barna.

Árið 2012 var sannarlega ár breytinga á skrifstofu og í stjórn Barnaheilla –

Save the Children á Íslandi. Petrína Ásgeirsdóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri eftir sex ára starf og undirrituð tók við eftir tæplega árs setu stjórnarmannsins Ágústar Þórðarsonar í framkvæmdastjórastólnum. Barnaheill vilja nota tækifærið og þakka Petrínu vel unnin störf og óska henni velfarnaðar í framtíðinni. Björgu Björnsdóttur, verkefnastjóra kynningarmála, eru einnig þökkúð vel unnin störf, en hún lét af störfum um mitt ár og við hennar starfi tók Sigríður Guðlaugsdóttir, sem ráðin hafði verið í tímabundin verkefni. Þá urðu þær breytingar á stjórn félagsins að Helgi Ágústsson sem verið hafði formaður í þrjú ár gaf ekki kost á sér í áframhaldandi formennsku. Ágúst Þórðarson hætti einnig í stjórn þegar hann lauk störfum sem starfandi framkvæmdastjóri. Þeirra framlag í þágu samtakanna ber að þakka.

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræðingur var kjörinn nýr formaður samtakanna. Sigríður Olgeirsdóttir tók sæti í stjórn og María Sólbergisdóttir og Þórarinn Eldjárn komu inn sem varamenn. María tók síðan sæti Ágústar þegar hann hvarf úr stjórninni og tók einnig við sem gjaldkeri stjórnar.

Samtökin héldu áfram að styðja við menntunar- og uppbyggingarverkefni í Norður Úganda sem fyrst var hleypt af stokkunum 2007. Mikill árangur er af verkefnum og ánægjulegt að fylgjast með hversu mikil aukning hefur orðið á nemendafjölda í þeim skólum sem verkefnið hefur styrkt frá árinu 2010, ekki síst hjá ungum stúlkum. Samtökin vilja þakka öllum þeim sem stutt hafa við starfsemina á liðnu ári. Án þeirra fjölmörgu einstaklinga og fyrirtækja sem leggja samtökunum lið væri ógerningur að halda úti því mikilvæga starfi sem samtökin vinna.



# Innlent starf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru helstu áherslur á að standa vörð um réttindi barna, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

## ALMENN RÉTTINDABARÁTTA

### Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi SP þann 20. nóvember 1989 og fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992. Fullgilding hans felur í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarétti til að virða og uppfylla ákvæði sáttmálans. Barnasáttmálinn var lögfestur hér á landi 20. febrúar 2013 með lögum númer 19/2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf. Barnaheill- Save the Children á Íslandi höfðu lengi barist fyrir lögfestingu sáttmálans og fagna því að hún sé orðin að veruleika, enda er það mikil réttarbót fyrir börn á Íslandi.

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Nær öll lönd heimsins hafa staðfest sáttmálann. Öllum þeim, sem koma að málefnum barna, ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja honum.

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði samningsins með viðeigandi hætti fyrir börnum og fullorðnum. Kynning á Barnasáttmálanum hefur ekki verið markviss á Íslandi og almenn þekking á honum og réttindum barna þar af leiðandi takmörkuð. Til að bregðast við því hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi, umboðsmaður barna og UNICEF á Íslandi unnið að gerð námsefnis um Barnasáttmálann í samvinnu við Námsgagnastofnun. Um

er að ræða veggspjöld, bæklinga og námsvefinn, *barnasattmali.is*.

Starfsmenn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi fóru víða á árinu 2012 til að kynna Barnasáttmálann og réttindi barna, m.a. í skóla, í fyrirtæki og til annarra félagasamtaka.

### Lagaumsagnir, ályktanir og áskoranir.

Barnaheill leggja ríka áherslu á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, séu virt á Íslandi. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur er lúta að málefnum barna. Jafnframt eru sendar út ályktanir og áskoranir til stjórnvalda og annarra aðila, þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Í umsögnum sínum, ályktunum og áskorunum er leitast við að hafa hagsmunum barna að leiðarljósi og það sem barninu er fyrir bestu.

Árið 2012 sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi inn umsagnir um eftirtalin frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir:

- Umsögn vegna lögfestingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Umsögn um breytingu á barnaverndarlögum
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla
- Umsögn um frumvarp um vinnustaðanámssjóð
- Umsögn um bætur vegna brotþola
- Umsögn um frumvarp um nálgunarbann
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun og um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum

- Umsögn um breytingar á reglugerð við 43. gr. laganna um viðurkenningu á grunnskólum sem reknir eru af öðrum aðilum en sveitarfélögum
  - Umsögn um velferðarstefnuheilbrigðisáætlun fram til 2020
- Nánari upplýsingar um lagaumsagnir er að finna á vef samtakanna barnaheill.is.

Starfsmenn Barnaheilla- Save the Children á Íslandi voru nokkrum sinnum boðaðir á fund hjá nefndum Alþingis á árinu 2012 til að ræða umsagnir samtakanna og þau málefni sem um var að ræða hverju sinni.

Árið 2012 sendu samtökin frá sér eftirfarandi ályktanir og áskoranir:

- Ályktun send til stjórnvalda um að hvetja alþjóðasamfélagið til að standa við skuldbindingar sínar við uppbyggingarstarfið á Haítí og auka langtímaskuldbindingar.
- Undirskriftasöfnun um að binda endi á drápin í Sýrlandi og hleypa mannúðarsamtökum inn í landið.
- Barnaheill stóðu fyrir undirskriftasöfnun á netinu til að skora á stjórnvöld og aðrar hluteigandi aðila til að grípa til aðgerða til að bæta tannheilsu íslenskra barna. Undirskriftirnar og áskorun var afhent velferðarráðherra.

### Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla er símaráðgjöf þar sem fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Margir leituðu til samtakanna á árinu 2012. Málin voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengnismál, eineltismál, grunur um ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmiss konar.

### Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Barnaheill - Save the Children á Íslandi veita árlega viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra í tengslum við afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Viðurkenningin er til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna.



Frá afhendingu viðurkenningarinnar í Þjóðmenningarhúsinu. Fulltrúar Jafningjafræðslunnar eru hér með formanni og framkvæmdastjóra samtakanna. Hersir Aron Ólafsson ávarpaði samkomuna og tók á móti viðurkenningunni ásamt Brynhildi Karlsdóttur.

Árið 2012 hlaut Jafningjafræðsla framhaldsskólanna viðurkenninguna. Jafningjafræðslan er rekin af Hinu húsinu sem fræðslu- og forvarnarverkefni fyrir ungt fólk. Hún var stofnuð á Íslandi árið 1996 af menntaskólanemum og studd danskri fyrirmynd. Upphaflega var Jafningjafræðslan stofnuð til að sporna við, og draga úr neyslu vímuefna, en á þessum tíma hafði fíkniefnanotkun skyndilega aukist hér á landi.

Hugmyndafræðin er í stuttu máli sú að „ungur fræðir unga“ og eru fræðarnir allir á aldrinum 17-21 árs. Forvarnir eru unnar af ungu fólki fyrir ungt fólk. Viða um heiminn eru í gangi verkefni sem byggja á þessari hugmyndafræði. Fjölbreytni þeirra er mikil en í flestum tilfellum er unnið að kennslu eða forvörnum gegn ýmiskonar heilsufarslegum vandamálum s.s. HIV smiti, óábyrgri kynlífshegðun, vímuefnaneyslu o.fl. Í seinni tíð hefur einnig verið lögð áhersla á sjálfmynd ungs fólks og leitast við að styrkja hana og efla.

### Rósín – minnismerki um börn

Rósín er alþjóðlegur minnisvarði um réttindi barna og er ætlað að heiðra minningu þeirra barna sem hafa látist, eða átt um sárt að binda. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við samtökin *Roses for Children*,

sem komið hafa upp minnisvörðum víða um heim. Rósin er staðsett í Laugardalnum í Reykjavík og þangað geta skólar eða aðrir komið til að minnast þeirra sem eiga um sárt að binda eða hugsa til þeirra barna sem búa við erfiðleika eða hafa látist.

Árið 2012 efndu samtökin til viðburða við Rósina í máí í tilefni af *Degi barnsins*, og í tilefni af samstarfi við alþjóðlegu hjólræðakeppnina WOW Cyclothon.

## BARÁTTA GEGN OFBELDI Á BÖRNUM

Samkvæmt 19. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi; líkamlegu, andlegu og kynferðislegu sem og gegn vanrækslu. Þau eiga einnig rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði samkvæmt 34. grein sáttmálans. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir efni sem getur skaðað velferð þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf, unnið að verkefnum og fræðsluefni.

### Netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi hefur langvarandi og skelfileg áhrif á börn og allt lífshlaup þeirra. Á netinu hefur aukist mjög efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt og/eða þau eru beitt kynferðisofbeldi. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þolendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um *Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á Netinu*. Verkefnið hefur verið styrkt af *Safer Internet* samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á íslensk stjórnvöld að axla ábyrgð í þessum málaflokki hérlendis og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína sem rekin er í samvinnu við Ríkislögreglustjóra. Á vef samtakanna, barnaheill.is, er hnappur

þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um ólöglegt og/ eða óviðeigandi efni á netinu. Ábendingarnar fara til skoðunar og rannsóknar hjá lögreglu sem grípur til viðeigandi ráðstafana. Ábendingalínan er nú aðili að SAFT-verkefninu, en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskyldu og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi.

Frá árinu 2001, hafa Barnaheillum borist ríflega 4.000 ábendingar í gegnum ábendingahnapp samtakanna. Þar af eru 34% ábendinganna um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Á árinu 2012 bárust 223 ábendingar og er það mikil fjölgun ábendinga frá árinu áður. Um 27% ábendinganna eða 96 ábendingar voru um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Það eru nær tófalt fleiri ábendingar en árið áður. Nokkar ábendingar voru um íslenskar vefsíður með efni þar sem börn voru sýnd á kynferðislegan hátt eða voru með kynferðislegu tali um börn og unglinga. Síðurnar voru í öllum tilfellum hýstar erlendis en samtökin unnu að því að láta loka þeim. Mikilvægt er að síðunum sé lokað sem fyrst eftir að þær eru tilkynntar, án þess þó að það skaði rannsóknarhagsmuni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í alþjóðasamtökunum *INHOPE*, *inhope.org*, sem eru regnhlífásamtök ábendingalína. Ábendingalínur innan *INHOPE* eru nú í 37 löndum. Starf *INHOPE* samtakanna felst í að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er rekin í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi undir merkjum *Safer Internet Center*. Hver ábendingalína skráir allar tölulegar upplýsingar í gagnagrunn *INHOPE*. Þannig er hægt að fylgjast með fjölda ábendinga og hvernig miðar í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á netinu.

Fjöldi ábendinga til *INHOPE* samtakanna eykst ár frá ári. Árið 2012 voru meira en 1.000.000 ábendingar um ólöglegt efni skráðar í gagnagrunn *Inhope*. 40% ábendinganna komu frá Evrópu, rúm 40% frá Norður-Ameríku

og tæp 20% frá öðrum heimshlutum. Af þessum ábendingum voru rúmlega 37.000 um efni þar sem börn voru sýnd á kynferðislegan hátt. Í gagnagrunni Interpol, sem verið hefur í notkun frá árinu 2001, er að finna meira en eina milljón mynda sem sýna kynferðislegt ofbeldi gegn meira en 20.000 börnum en samkvæmt upplýsingum frá Interpol hafa aðeins um 800 þessara barna fundist og fengið nauðsynlegan stuðning.

### Vernd barna gegn kynferðisofbeldi á ferðamannstöðum.

Víða á ferðamannstöðum geta ferðamenn átt von á því barn bjóði þeim kynferðislegt samneyti gegn greiðslu. Vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna leiðast 1- 2 milljónir barna út í vændi á ári hverju. Börnin eru gjarnan fórnarlömb mansals og nýta ferðamenn sér neyð þeirra. Flestir ferðamannanna koma frá Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Þegar fullorðinn einstaklingur á kynferðislegt samband við barn er það kynferðis ofbeldi gegn barninu. Hinn fullorðni getur ekki skýlt sér bak við samþykki barnsins eða að barnið hafi frumkvæði af samskiptunum.

Á árinu 2012 var sáttmáli Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegu ofbeldi fullgiltur á Íslandi og um leið var hegningarlögum breytt. Ein af þeim breytingum sem gerðar voru er að nú getur Íslendingur sem verður uppvís af því að eiga í kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi, verið dæmdur fyrir það á Íslandi jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið fer fram. Fjöldi fyrirtækja í ferðaþjónustu um allan heim hafa undirritað verklags- og siðareglur og skuldbundið sig til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi á börnum á ferðamannstöðum. Ýmsar íslenskar ferðaskrifstofur selja ferðir til staða sem þekktir eru fyrir mansal á börnum og að börn séu beitt kynferðisofbeldi gegn gjaldi. Barnaheill vilja leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir þess háttar ofbeldi. Unnið er að framleiðslu efnis sem dreift verður á heilsugæslustöðvum og víðar. Þar verða ferðamenn hvattir til að vera ábyrgir og tilkynna til ferðaskrifstofu, fararstjóra eða lögreglu ef þá grunar að fullorðinn einstaklingur eigi kynferðislegt

samneyti við barn og taka þannig þátt í að vernda barnið gegn ofbeldinu og að koma því til hjálpar.

### 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi tóku þátt í árlegu 16 daga átaki félagsamtaka og stofnana gegn kynbundnu ofbeldi í nóvember og desember. Árið 2012 var yfirskrift átakins Heimilisfriður-heimsfriður. Að þessu sinni vildu Barnaheill vekja athygli á mikilvægi þess að vernda börn víðs vegar um heim gegn kynferðislegu ofbeldi af hálfu ferðamanna. Framlag samtakanna til átakins var erindi um málefnið á samkomu í Guðríðarkirkju og grein sem birtist í Fréttablaðinu og á [visir.is](http://visir.is) undir yfirskriftinni *Ferðaþjónustan sameinist gegn kynferðisofbeldi á börnum*.

### HEILBRIGÐISMÁL

Samkvæmt 24. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að njóta besta mögulegs heilsufars sem hægt er að tryggja með læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að börnum á Íslandi sé ekki mismunað hvað það varðar. Tannheilsu íslenskra barna hefur farið hrakandi um árabíl. Það er ekki síst vegna þess hversu kostnaðarsamar tannlækningar barna hafa verið og hversu greiðsluþátttaka ríkisins hefur minnkað. Í mars 2012 stóðu Barnaheill fyrir málþingi sem bar yfirskriftina: „Heilbrigðar tennur: mannréttindi eða forréttindi?“ Þar var fjallað um tannheilsu íslenskra barna og athygli vakin á hversu slæmt ástandið væri orðið. Í kjölfar málþingsins sendu Barnaheill frá sér tilmæli til stjórnvalda um úrbætur. Jafnframt stóðu samtökin fyrir undirskriftasöfnun þar sem þeim tilmælum var beint til yfirvalda, tannlækna og samfélagsins alls að þegar yrði gripið til aðgerða til að snúa við þeirri óheillaþróun sem orðið hafði á tannheilsu barna. Undirskriftirnar voru afhentar velferðarráðherra í september. Samtökin fagna því að í kjölfarið var ákeðið að tannlækningar barna yrðu greiddar af ríkinu að fullu. Það kæmi til framkvæmda í áföngum á næstu árum.



## Íslandsmet í tannburstun

Hluti af vitundarvakningunni um stöðu mála í tannvernd barna á Íslandi var Íslandsmet í tannburstun. Íþróttáalfurinn í Latabæ gekk til liðs við samtökin og tæplega 500 nemendur og kennarar í Snælandsskóla í Kópavogi settu metið. Þá var einnig framleitt tónlistarmyndband með krökkum úr Snælandsskóla við lag sem þau sömdu texta við. Myndbandið *Heilar tennur* er að finna á YouTube.

## Rekstur íbúða fyrir fjölskyldur langveikra barna

Samtökin eiga tvær íbúðir í Reykjavík, sem ætlaðar eru fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringingsins hefur umsjón með notkun þeirra. Íbúðirnar eru á Rauðarárstíg og Skúlagötu. Á árinu 2012 voru 197 dvalardagar í íbúðinni á Skúlagötu sem er 54% nýting og 241 dvalardagar á Rauðarárstíg, sem er um 66% nýting. Stöðug aukning hefur verið á nýtingu íbúðanna síðustu ár og jókst hún sem dæmi frá árinu 2010 til 2011 um 30%.

## HREYFING OG HEILBRIGÐI

Barnaheill og WOW Cyclothon tóku höndum saman á árinu um að vinna saman að heilbrigði barna. Allt áheitafé sem safnaðist í hjólræiðakeppninni WOW Cyclothon í júní rann til verkefnisins *Hreyfing og heilbrigði*.

Aðalmarkmið þess er að vekja athygli á mikilvægi heilbrigðs lífs fyrir íslensk börn, hvort sem um er að ræða andlegt eða líkamlegt heilbrigði. Þannig má auka vægi hreyfingar og efla bæði líkamlegt og andlegt heilbrigði, sem og stuðla að almennum heilsufarslegum forvörnum. Verkefnið byggir á ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna til heilsuverndar, banni við mismunun og ábyrgð foreldra og aðildarríkja. Í tengslum við verkefnið var gerð

óformleg könnun á stöðunni hér á landi út frá þeim rannsóknum sem til eru. Undirbúningur hófst einnig á tilraunaverkefni í samvinnu við lýðheilsufræðing. Verkefnið stuðlar að því að efla hreyfingu og heilbrigði barna sem hafa af ýmsum ástæðum ekki fundið sig í hefðbundnum skóla-íþróttum eða skipulögðu íþróttastarfi.

## Kapphlaupið um lífið

Á alþjóðlegum degi fæðu og næringar, 16. október síðastliðinn, tóku Barnaheill í fyrsta sinn þátt í alþjóðlega barnamaráðuninu *Kapphlaupinu um lífið*, eða *Race for Survival*. Alþjóðasamtök Barnaheilla, Save the Children, standa árlega fyrir hlaupinu sem nú fór fram í fimmta sinn. Lið frá 40 löndum víðs vegar um heiminn tóku þátt í maráðuninu með boðhlaupsformi. Rúmlega 20 þúsund börn í um 500 liðum tóku þátt í hlaupinu sem er ætlað að vekja athygli á baráttu samtakanna gegn barnadauða. Tæplega sjö milljónir barna látast árlega áður en þau ná fimm ára aldri, langflest úr hungri eða sjúkdómum sem rekja má til afleiðinga vannæringar.



*Nemendur Álfhólsskóla klæddust gulu og Hofstaðaskóla bláu. Lið Víðistaðaskóla var í grænu og Laugalækjarskóla í rauðu.*

Fjögur lið tóku þátt í maráðuninu héraðs sem fram fór í Laugardalshöllinni. Þetta voru lið úr Álfhólsskóla í Kópavogi, Hofstaðaskóla í Garðabæ, Laugalækjarskóla í Reykjavík og Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Liðin stóðu sig með mikill þryði og kom lið Víðistaðaskóla fyrst í mark á 2:10:52,

sem er einungis um sjö mínútum yfir heimsmetinu í maráðuninu. Hin íslensku liðin fylgdu fast á eftir. Eins og fyrri ár náðu nokkur lið að slá heimsmetið. Lið frá kenýska skólanum Tunyai í Meru í Kenýu hljóp á 1:47:55. Það er langbesti tími sem náðst hefur í *Kapphlaupinu um lífið* til þessa.

Sama dag og hlaupið fór fram var Save the Children TV sent út í 12 klst. beinni útsendingu á netinu. Fjöldi stjórnmalámannanna og ýmissa sérfræðinga tóku þátt í umræðum um hungur og baráttuna gegn vannæringu og barnadauða. Birgitta Jónsdóttir, alþingismaður, var þátttakandi í umræðunum fyrir hönd Íslands og tók þátt í umræðu um fjórða þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna, að draga úr barnadauða um 2/3 á árunum 1990-2015.

## Hjólasöfnun

Ráðist var í hjólasöfnun í samvinnu við endurvinnslustöðvar Gámaþjónustunnar, Hringrásar og Sorpu og hjólin afhent börnum í samvinnu við Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálpi Íslands. Sjálfboðaliðar gerðu hjólin upp undir stjórn sérfræðinga í reiðhjólavíðgerðum. Átakinu lauk formlega með Hjólavíðgerðardeginum mikla þar sem lokahnykkur í viðgerðum fór fram. Á þriðja hundrað börn fengu hjól úr söfnuninni.

## ÁHRIFAMÁTTUR BARNNA

Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Barnaheill leggja áherslu á að vera í samstarfi við börn og ungmenni og er starf ungmennaráðs og samstarf við skóla er liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrst betur í íslensku samfélagi.

Liður í þeirri viðleitni samtakanna eru stutt myndbrot sem framleidd voru mánaðarlega og send út í Íslandi í dag á Stöð 2, á YouTube og Facebook. Í myndskaiðunum tjáðu börn sig um réttindi sín og túlkun þeirra á þeim. Upptökurnar voru einnig spilaðar í útvarpsþáttum á borð við Í bitíð á Bylgjunni og í síðdegisútvarpi Rásar 2.

Í samvinnu við Fréttablaðið hafa auglýsingar verið birtar þar sem börn skrifa um réttindi sín. Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli og vakið upp umræðu um réttindi barna.

## UNGMENNARÁÐ BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI


Ungmennaráð samtakanna var stofnað árið 2008 og er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13-25 ára. Hópurinn vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt samtökunum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfra. Frá upphafi hafa um 20 ungmenni tekið þátt í starfi ungmennaráðsins.

### Samstarf við skóla

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að rödd barna fái að heyrast í íslensku samfélagi og leitast því við að eiga samstarf við grunnskóla í hinum ýmsu verkefnum sínum.

Á undanförunum árum hafa Barnaheill átt í samstarfi við ýmsa grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Nemendur grunnskólanna, undir handleiðslu kennara sinna, hafa unnið að ýmsum verkefnum í samstarfi við Barnaheill - Save the Children á Íslandi. Nemendur framhaldsskólanna hafa fengið fræðslu um samtökin og verkefni þeirra, um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hafa staðið fyrir fjáröflun fyrir samtökin.

Samtökin hafa verið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst um nemendur sem koma í starfsnám til samtakanna. Nemendur úr skólunum eru í starfsnámi hjá samtökunum í ákveðinn tíma og vinna sérstök verkefni, undir handleiðslu starfsmanna Barnaheilla. Samtökin



Nína Dögg Filippusdóttir, leikkona, og Þóra Jónsdóttir hjá Barnaheillum létu sitt ekki eftir liggja í hjólaviðgerðum.

þakka þessum nemendum samstarfið og framlag þeirra til málefna barna.

## FRÆÐSLA, FORVARNIR OG KYNNINGARSTARF

Ár hvert veita starfsmenn Barnaheilla fræðslu um samtökin og starfsemi þeirra, um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og annað sem tengist mannréttinda- og mannúðarmálum. Samtökin eru reglulegir þátttakendur í ABC-skólanum auk þess sem fjöldi nema í framhaldsskólum og háskólum leituðu upplýsinga um starf samtakanna á árinu. Þá fengu kennarar í fjölmörgum grunnskólum og leikskólum fræðslu um starf Barnaheilla og Barnasáttmálann.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmiðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkynningar eru jafnframt birtar á heimasíðu samtakanna og á síðu þeirra á samfélagsmiðlinum Facebook.

### Dagur barnsins

Barnaheill hafa síðustu ár minnt á réttindi barna á Degi barnsins með viðburðum þennan síðasta sunnudag maímánaðar. Yfirskrift dagsins árið 2012 var „Gleði og samvera“. Samkvæmt 31. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á tómstundum, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra. Slíkt hefur jafnframt mikið forvarnargildi. Barnaheill héldu upp á daginn með því að efna til samverustundar við Rósina, minnisvarða samtakanna í Laugardalnum. Þar var lögð áhersla á heilbrigða hreyfingu, leiki og skemmtun með börnum. Alls tóku um 300 börn úr grunnskólum í nágrenni Laugardals þátt í leikjum á borð við snú snú, stórfiskaleik, reiptog og myndastyttuleik. Unglingar úr Álfrólsskóla í Kópavogi voru samtökunum til aðstoðar.

## INNLENT SAMSTARF

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga í viðtæku samstarfi við opinbera



Jón Jónsson, tók lagið með krökkunum á Degi barnsins og gekk með hópinn syngjandi frá Rósinni í Húsdýragarðinn.

aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna hér á landi.

Samtökin taka þátt í starfi barnahóps Velferðarvaktar félagsmálaráðuneytis. Verkefni hópsins er að kortleggja stöðu barna hér á landi í kjölfar efnahagshruns og koma með tillögur að úrbótum.

Barnaheill eiga einnig samstarf við önnur íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenskri þróunarsamvinnu. Í samstarfshópnum eru auk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ABC-barnahjálp, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna – UNICEF á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristni-boðsfélaga (SÍK), SOS-barnaþorp, og UN Woman.

### SAMAN-hópurinn

Markmiðið með starfi SAMAN-hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Lögð er áhersla á samveru foreldra og barna, á tíma-mótum, á hátíðum og í leyfum og sendir hópurinn skilaboð til foreldra í þá veru. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörnin og að börn og unglingar vilji verja meiri tíma með foreldrum sínum. Vefsvæði

hópsins er samanhopurinn.is og er hópurinn jafnframt með facebook síðu.

### Náum áttum

Náum áttum hópurinn stendur reglulega fyrir fræðslufundum um málefni barna. Meðal þess sem fjallað var um á fræðslufundum á árinu 2012 var staða barna þremur árum eftir hrun, ábendingar barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, tölvunotkun barna og börn sem búa við áfengisneyslu á heimili sínu. Vefsvæði hópsins er naumattum.is.

### FRÆÐSLUEFNI

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er gerð fræðsluefnis um réttindi barna, um vernd barna gegn ofbeldi og um öryggi barna.

Fræðsluvefurinn, verndumborn.is, er vefur með upplýsingum um vernd barna gegn ofbeldi. Á vefnum er að finna upplýsingar um einkenni og afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, eineltis, vanrækslu og þess að búa við heimilisofbeldi. Einnig eru upplýsingar um það hvert hægt er að leita ef grunur vaknar um ofbeldi gegn börnum.

*Þetta er líkaminn minn* er bók um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni. Jafnframt hafa margir leikskólar nýtt sér hana. Á árinu 2012 fóru 2.300 bækur til barna víða um land. Það er um 1.000 bókum meira en árið 2011. Þróunarstofa heilsugæslunnar hefur fengið leyfi samtakanna til að nota efni bókaninnar í forvarnastarf heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um vernd barna gegn kynferðisofbeldi. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra var jafnframt í samstarfi við Barnaheill um að gera bókina aðgengilega fyrir heyrnarlaus börn, foreldra þeirra og aðra sem annast þau. Til þess þarf að flytja efni hennar á íslensku táknmáli.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi gefa út veggspjald þar sem vakin er athygli á slyshættum í umhverfi barna. Heilsugæslustöðvar sjá um dreifingu á veggspjaldinu og á árinu 2012 voru send um 400 veggspjöld til barna um allt land.

Í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF á Íslandi og Námsgagnastofnun, halda samtökin úti námsvef og gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála SP. Námsvefurinn, barnasattmali.is, er aðallega ætlaður til notkunar í grunnskólum landsins, en hentar einnig börnum og fullorðnum til almennrar notkunar. Fyrsti hluti vefsins var opnaður í nóvember 2009 en þar eru verkefni sem henta börnum á yngsta stigi grunnskóla. Í byrjun árs 2012 var annar hluti vefsins opnaður, en sá hluti er einkum ætlaður til notkunar á miðstigi grunnskóla. Á árinu 2012 var unnið að endurbótum á vefnum. Forsætisráðuneytið styrkir verkefnið.

### FJÁRÖFLUNARVERKEFNI

#### Heillakeðjan

Í upphafi árs fylktu 500 börn og fullorðnir liði og mynduðu keðju við Reykjavíkurtjörn. Viðburðurinn markaði upphaf Heillakeðjunnar sem samtökin stofnuðu til í samvinnu við 11 fyrirtæki á árinu. Með liðsinni viðskiptavina sinna tók hvert og eitt fyrirtæki að sér einn

mánuð og styrkti verkefni Barnaheilla með hluta ágóða ákveðinnar vöru eða þjónustu.

Í hverjum mánuði var valið þema út frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í samvinnu við fjölda grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu komu nemendur fram í myndskreiðum sem samtökin framleiddu, og tjáðu sig um réttindi sín. Myndskeiðin voru svo sýnd í Íslandi í dag á Stöð 2, og þeim svo dreift á YouTube og Facebook auk þess sem þau voru spiluð í Bítinu á Bylgjunni.

Starfsmenn fyrirtækjanna sem tóku þátt í Heillakeðjunni fengu kynningu á samtökunum og lögðu sitt af mörkum með því að safna áheitum á áheitavefnum heillakeðjan.is.

Heillakeðjan gekk nokkuð vel árið 2012, en ekki reyndist grundvöllur fyrir áframhaldi hennar.

### Út að borða fyrir börnin

Frá 15. febrúar - 15. mars fór fram fjáröflunarátakið *Út að borða fyrir börnin*. Alls tóku 13 veitingastaðir þátt í átakinu með því að láta hluta af ágóða valinna rétta renna til verkefna Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

### Áheitasöfnun í hjólréiðakeppninni WOW Cyclothon

Samstarf hófst á árinu við WOW Cyclothon, fyrstu alþjóðlega hjólréiðakeppnina á Íslandi. Öll áheit á liðin í keppninni runnu til Barnaheilla. Þetta var í fyrsta sinn sem keppnin fór fram og tóku alls 15 lið þátt. Hjólað var í fjögurra manna liðum í boðsveitaformi hringinn í kringum landið dagana 19-22. júlí. Barnaheill komu upp áheitavef í samvinnu við TM Software til að geta tekið á móti áheitum. Samtökin tóku þátt í kynningu á keppninni auk þátttöku við upphafs- og lokamark.

### Mjúkdýraleiðangur Ikea

Samtökin nutu góðs af Mjúkdýraleiðangri Ikea níunda árið í röð. Átakið snýst um að bjóða viðskiptavinum IKEA að styðja verkefni Save the Children og Unicef er snúa að rétti barna til menntunar. Um er að ræða alþjóðlegt átak. Viðskiptavinir verslunarinnar gátu einnig styrkt verkefnið með því að kaupa mjúkdýr og runnu þau til barna á Barnaspítala hringins.

### Jóla kort

Listakonurnar Kristín Gunnlaugsdóttir og Þuríður Sigurðardóttir lögðu Barnaheillum – Save the Children á Íslandi lið árið 2012 með því að leyfa afnot af listaverkum sínum á jóla kort. Kortin voru seld í verslunum víða um land og á skrifstofu samtakanna að Suðurlandsbraut.

## Tekjur og gjöld 2012


Tekjur Barnaheilla - Save the Children á Íslandi á árinu 2012 voru samtals kr. 68,4 milljónir og heildar rekstrargjöld kr. 79,4 milljónir.

44% tekna samtakanna komu frá einstaklingum í formi styrktargjalda og jóla korta kaupa.


57% gjalda voru beinn kostnaður við innlend og erlend verkefni.

Á árinu 2012 lögðu samtökin fram hærri upphæð til starfseminnar en tókst að safna fyrir þannig að tap var af rekstrinum að upphæð 8,9 milljóna.

### SKIPTING TEKNA



### SKIPTING GJALDA



# Erlent starf

Helstu áherslur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í erlendum verkefnum eru á grunnmenntun barna og að veita neyðaraðstoð þegar hennar er þörf. Samkvæmt 28. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. greininni er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein barnasáttmálans eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

## NEYÐARAÐSTOÐ

Neyðaraðstoð er ein af meginstoðum alþjóðasamtaka Save the Children. Samtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að verkefnum í um 120 löndum, eru þau oft nærri svæðum þar sem hamfarir verða og geta því brugðist fljótt við neyð í viðkomandi löndum. Í hjálparstarfinu gæta Save the Children sérstaklega að velferð barna en börn þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara. Mikilvægt er að tryggja heilbrigði barna og vernd gegn hvers kyns ofbeldi eins og kveðið er á um í Barnasáttmálanum. Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna sé hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á átakasvæðum þar sem neyðarástand getur ríkt í langan tíma.

Save the Children veittu neyðaraðstoð í mörgum löndum vegna stríðsátaka árið 2012. Barnaheill – Save the Children á Íslandi studdu hjálparstarf alþjóðasamtakanna í Sýrlandi.

## SÝRLAND

Átökin sem hófust í Sýrlandi í ársbyrjun árið 2011 hafa umbreyst í borgarastríð og komið milljónum sýrlenskra barna í bráða hættu. Tæplega ein milljón manns hafa flúið Sýrland sem flóttamenn. Innan landamæra þurfa fjórar milljónir neyðaraðstoð, þar af hafa 2,5 milljónir flúið heimili sín. Börn eru að minnsta kosti 52% þeirra

sem þurfa á hjálp að halda. Þau eiga á hættu sjúkdóma, dauða og misnotkun og eru vitni að hryllilegum atburðum. Mannúðarstarf skiptir miklu máli og er nauðsynlegt til að hjálpa sýrlenskum börnum og fjölskyldum þeirra að komast af.

Frá því hjálparstarf Save the Children hófst á svæðinu, hafa samtökin hjálpað 250 þúsund manns. Save the Children halda áfram að veita neyðaraðstoð og stefna á að hafa náð til yfir sjö hundruð þúsund manns fyrir árslok 2013. Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa staðið fyrir söfnun til styrktar sýrlenskum börnum. Samtökin tóku einnig þátt í að vekja athygli almennings á stöðu barna í Sýrlandi m.a. með kynningu á skýrslunni Ósögð grimmdarverk (Untold atrocities) sem út kom í september. Í henni segja börnin í flóttamannabúðunum sjálf frá þeim hörmungum sem þau hafa upplifað í þeim skelfilegu aðstæðum sem þeim eru búin, bæði í heimalandinu og í flóttamannabúðum.

## EVERY ONE

EVERY ONE er alþjóðlegt átak Save the Children til að bjarga milljónum barnslífa. Fyrir rúmri öld, var komið í veg fyrir dauðsföll barna af völdum auðlækanlegra sjúkdóma á borð við lungnabólgu og niðurgang í ríkari löndum heims. Með sameiginlegu átaki, má gera slíkt hið sama í fátækari löndum heimsins. Á hverjum degi deyja 20 þúsund börn undir fimm ára aldri af völdum hungurs eða sjúkdóma sem hægt er að koma í veg fyrir. Raunveruleikinn er því miður sá að börn hafa ekki öll jöfn tækifæri til lífs og þau sem búa í fátækustu og fjarlægustu löndum heims eru líklegust til að deyja.

Ekki má gleyma að mikill árangur hefur náðst á alþjóðavísu í baráttu við barnadauða. Fjöldi barna sem látast fyrir fimm ára aldur er kominn niður fyrir 7 milljónir á ári samanborið við 12 milljónir á árinu 1990. En betur má ef duga skal. Alþjóðasamtök Save the

Children vinna markvisst að því að ná fjórða þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að draga úr barnadauða um 2/3 á árunum 1990-2015.

Á alþjóðadegi fæðu og næringar, 16. október tóku Barnaheill - Save the Children á Íslandi í fyrsta sinn þátt í alþjóðlega barnamaráðinu Kapphlaupinu um lífið, eða Race for Survival. Tilgangur hlaupsins er að vekja athygli á EVERY ONE baráttunni gegn barnadauða og þeirri staðreynd að með sameiginlegu átaki á alþjóðavísu sé hægt að koma í veg fyrir að milljónir barna látist á ári hverju af völdum auðlækanlegra sjúkdóma eða hungurs. Kapphlaupið um lífið fór fram í 40 löndum um allan heim og rúmlega 20 þúsund börn í um 500 liðum tóku þátt. Alþjóðasamtökin stóðu sama dag fyrir beinni útsendingu á netinu í 12 klukkutíma þar sem fjöldi stjórnmálamanna og ýmissa sérfræðinga tóku þátt í umræðuþáttum um hungur og baráttuna gegn vannæringu og barnadauða. Birgitta Jónsdóttir, alþingismaður, var þátttakandi í umræðunum fyrir hönd Íslands.

## ALMENN RÉTTINDABARÁTTA

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í þágu barna er málsvarahlutverkið. Mikil áhersla er lögð á að þau réttindi sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virt. Samtökin senda reglulega ályktanir og/eða ábendingar til yfirvalda ef þau telja að verið sé að brjóta á réttindum barna, hér á landi sem erlendis.

Samtökin kynntu skýrsluna Ósögð grimmdarverk, sem kom út í september og lýsti aðstæðum og líðan barnanna sem þjást vegna stríðsástandsins í Sýrlandi.

Skýrslan, *State of the World's Mothers Report 2012*, er gefin út árlega af Save the Children um stöðu mæðra í heiminum. Hún var send öllum ráð-



Katrín Júlíusdóttir, þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra í barneignaleyfi, kynnti skýrsluna um stöðu mæðra árið 2012 fyrir fjölmiðlum á veitingastaðnum Nauthóli. Fjöldi mæðra mætti með börn sín til að leggja málefnum lið og vekja athygli á mikilvægi brjóstgjafar fyrstu mánuði í lífi barns, en megininntak skýrslunnar að þessu sinni fjallaði um mikilvægi þess. Ísland var í 2. sæti listans yfir hvar best er að vera móðir, og í fyrsta sæti yfir hvar best var að vera barn þetta ár.

herrum og þingmönnum. Þetta var í 13. sinn sem skýrslan kom út.

## ERLENT SAMSTARF

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna með alþjóðasamtökunum Save the Children um mótun stefnu og starfshátta. Einnig sjá samtökin á Íslandi um að koma á framfæri fréttum af alþjóðlegri starfsemi samtakanna og taka þátt í hinum ýmsu verkefnum sem alþjóðasamtökin standa fyrir. Árlega er haldinn fundur með forsvarsmönnum landsfélaganna 29 til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2012 var haldinn í Bangladesh en í þetta sinn sendu Barnaheill ekki fulltrúa á fundinn. Starfsmenn Barnaheilla eru í einnig miklum samskiptum við forsvarsmenn Save the Children vegna verkefnisins í Norður- Úganda.

## EVROPUSAMSTARF


Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópusamtökum Save the Children. Evrópusamtökin vinna að almennri réttindabaráttu fyrir börn, vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda, barna sem eru fórnarlömb mansals og gegn fátækt barna í Evrópu.

Evrópusamtökin hafa m.a. beitt sér fyrir því að sett verði lög í aðildarríkjum ESB og EES um að bannað sé að beita börn líkamlegum refsingum, en Ísland er eitt af 32 löndum í heiminum sem hafa lögfest slíkt bann.

Samtökin beita sér einnig fyrir því, m.a. í gegnum lagaumsagnir, að sett séu sérstök viðmið um vegalaus börn og börn sem verða fórnarlömb mansals, sem og að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópusambandsins og á EES-svæðinu. Á hverju ári eru þúsundir barna vegalaus í Evrópu og hluti þeirra eru fórnarlömb mansals, ýmist á milli landa eða innan þeirra. Barnaheill leggja áherslu á að ávallt sé haft að leiðarljósi það sem barninu er fyrir

bestu í málefnum vegalausra barna og barna sem eru fórnarlömb mansals. Staða barnsins sem innflytjanda sé aukaatriði. Tryggja verður að börnin fái áfallahjálp og aðhlyningu og fái strax aðgang að allri þjónustu, þ.e. félags- og heilbrigðisþjónustu og menntun. Börn þurfa að fá sérstakan tilsjónarmann á meðan að málefni þeirra eru til athugunar og barn skal aldrei senda til heimalands nema tryggar aðstæður taki við því. Mikilvægt er að finna fjölskyldu barnsins án þess að stefna barninu eða fjölskyldu þess í hættu.

Aðild að Evrópusamstarfinu eiga Save the Children í Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Ítalíu, Litháen, Noregi, Rúmeníu, Spáni og Svíþjóð.



# Uppbyggingar- og menntunarstarf í Pader og Agago héruðum í Norður-Úganda

Stríðsátökin í Norður-Úganda, sem stóðu í 20 ár og lauk árið 2008, leiddu til algjörs hruns og eyðileggingar á innviðum samfélagsins. Skólar, heilsgæslustöðvar og vegir eyðilögðust og tugir þúsunda manna flúðu heimili sín. Eftir að öryggi á svæðinu jókst, hafa flóttamenn snúið til baka til heimkynna sinna.

Frá árinu 2007 hafa Barnaheill - Save the Children á Íslandi, með stuðningi Utanríkisráðuneytisins, staðið fyrir uppbyggingar- og menntunarverkefnum í Pader og Agago héruðum í Norður-Úganda. Framkvæmdaaðili verkefnisins er Save the Children í Úganda (nú Save the Children International).

Verkefninu lýkur formlega í ágúst 2013, Barnaheill munu halda áfram að vinna að sjálfbærni samfélagsins. Helstu markmið verkefnisins eru að aðstoða flóttafólk, börn og fullorðna, sem hafa snúið aftur til heimkynna sinna. Í upphafi var markmið verkefnisins tvíþætt, annars vegar að bæta aðgengi og gæði kennslu 3.200 skólabarna í fjórum skólum í Pader héraði og hins vegar að bæta heilsu og heilbrigði 30 þúsund barna í héruðunum. Þegar fulltrúar Barnaheilla - Save the Children á Íslandi heimsóttu svæðið í nóvember 2010 kom í ljós að næringu barnanna var mjög ábótavant og stór hluti þeirra fengu ekkert að borða í skólanum yfir daginn. Því var hafist handa við að koma á fót skólamáltíðum í þessum fjórum skólum. Sérstök áhersla er einnig á heilbriggt, barnvænt og verndandi umhverfi auk fræðslu um réttindi barna. Mikil vitundarvakning varð á svæðinu og nokkrir foreldrar gáfu afnot af ræktarlandi og taka nú þátt í matjurtaræktun. Á árinu 2013 er stefnt að uppsetningu skólaeldhúsa í öllum fjórum skólunum sem njóta góðs af verkefninu. Skólamáltíðir bæta tvímælaust heilsu barnanna og árangur þeirra í námi og eiga þátt í að minnka brottfall úr skólum, en brottfall stúlkna úr skóla í Norður-Úganda er 83% og 57% hjá drengjum.



Gerður Kristný Guðjónsdóttir, rithöfundur, var í hópi þeirra sem heimsóttu nemendur og kennara í skólunum sem njóta góðs af verkefni Barnaheilla í Norður-Úganda.

Stuðningur við skólana hefur haft margvísleg jákvæð áhrif. Aukin þátttaka og áhugi er sýnilegur og bætt kennsla á móðurmáli nemenda hefur haft í för með sér jákvæð samskipti milli nemenda og kennara. Einnig má sjá aukningu á lestrargetu og áhuga á lestri. Bætt námsumhverfi hefur gert það að verkum að fleiri börn sækja skóla og haldast í námi. Líkamlegar refsingar eru á undanhaldi og 80% skólanna á svæðinu hafa tekið upp nýjar vinnureglur varðandi viðbrögð við hegðunaryvandamálum. Nemendur sem þurfa námsaðstoð hafa nú betra aðgengi að kennurum og fá meiri stuðning við nám. Aðstoð og leiðsögn til kennara hefur haft jákvæð áhrif og aukin meðvitund nemenda og kennara um réttindi barna og vernd gegn ofbeldi hefur gert það börnin öruggari. Aukin þátttaka foreldra og stofnun félagsmiðstöðva hefur einnig aukið meðvitund samfélagsins um að börnin fái góða menntun í öruggu og heilbrigðu umhverfi. Stóraukning varð í skráningu nemenda í Paderhéraði í kjölfar útvarpsþáttar sem börn og kennarar tóku þátt í. Einnig hefur bætt hreinlætisaðstaða haft áhrif á að dregið hefur úr brottfalli stúlkna úr skóla.

Það er ljóst að verkefnið hefur haft gríðarleg áhrif á skólagöngu barna í héruðunum. Tæplega 74% fjölgun hefur orðið á nemendafjölda skólanna fjögurra, en heildarfjöldi nemenda er orðinn 2.073. Þetta gefur vísbendingu um að markmiðið með 3.200 nemendum sé nokkuð raunhæft þó hugsanlega muni það taka ívið lengri tíma en áætlað var í upphafi. Nú þegar hefur náðst til yfir 30.000 barna við bólusetningar, ormahreinsun og vítamínjöf.

Heildarkostnaður verkefnisins er tæplega 49 milljónir. Þar af eru um 36 milljónir fjármagnaðar af Utanríkisráðuneytinu en restin, um 13 milljónir eru fjármagnaðar af samtökunum. Ekki var ráðist í sérstaka söfnun fyrir verkefnið á árinu 2012.



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

## Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka eftirtöldum aðilum stuðningin

A4	Gísli Þór Ragnarsson	Kristín Gunnlaugsdóttir	Serrano
Aðföng	Grill 66	Kristrún Sigurgeirsdóttir	Sena
Afríka 20:20	Guðrún Ansnes	Kristín Hulda	Sigmar Vilhjálmsson
Alþingi	Gunnar Árnason	Guðmundsdóttir	Sigrún Ósk Kristjánsdóttir
Álfhólsskóli	Gunnar Helgason	Laufey Ólafsdóttir	Sigurjón Ernir Sturluson
Andri Snær Egilsson	Hagar	Lágafellsskóli	Síminn
Anna Bjarnadóttir	Hagkaup	Landsbankinn	Sjáländsskóli
Anna Elísabet Ólafsdóttir	Hamborgarabúllan	Langholtsskóli	Skapalón
Arna Margrét Jónsdóttir	Hamborgarafabrikkan	Laugarnesskóli	Skrúður
Arna Stefanía	Heimir Karlsson	Lee Nelson	Skúli Mogensen
Guðmundsdóttir	Helgi Ágústsson	Litla jólabúðin	Snælandsskóli
Arnaldur Halldórsson	Hofsstaðaskóli	Logi Bergmann Eiðsson	Sorpa
Ásgerður Edda Langworth	Himneskt	Lýsi	Stefanía Valdimarsdóttir
Austurbæjarskóli	Hringrás	Magnús Kjartansson	Stefán Sverrisson
Barnaskóli Hjallastefnunnar	Icelandair hótel	Margrét Björg Agnarsdóttir	Subway
Berglind Egilsdóttir	Icelandair Group	María Rut Reynisdóttir	Stöð 2
Birgir Finnsson	Íslandspóstur	Meba	Svanhvít Friðriksdóttir
Björgvin Brynjarsson	Íslenska Kaffistofan	Mæðrastyrksnefnd	Þjóðmenningarhúsið
Björk Sigurjónsdóttir	Icepharma	Reykjavíkur	Taco Bell
Blómaval	Iða	N1	Tjarnargatan
Brynjar Örn Grétarsson	IKEA	Nauthóll	TM software
Byko	Innanríkisráðuneytið	Nova	Tómas Óskar Guðjónsson
Bylgjan	Íslandspóstur	Of Monsters and men	Tónlistarskóli Garðabæjar
Caruso	Jóða Elín Valgerður	Ólafur Hákon Sigurðarson	Ungmennaráð Barnaheilla
Dominos	Jóhanna Marín	Óli Öder/Laugardalshöll	Upptekið
Diljá Helgadóttir	Jóhanna Sigurðardóttir	Ómar Guðjónsson	Utanríkisráðuneytið
Dýri Kristjánsson	Jóhannes Ásmundsson	Óskar Guðjónsson	Valdimar Magnússon
Elías Alfreðsson	Jón Jónsson	Penninn/Eymundsson	Vátryggingafélag Íslands
Epli.is	Jórunn Jónsdóttir	Pizza Hut	Velferðarráðuneytið
Fanney Sigurðardóttir	Karl Ágúst Úlfsson	Prentmet	Vesturbæjarskóli
Felix Bergsson	Katrín Jónsdóttir	Ragnhildur Steinunn Jónsd.	Vigdís Finnbogadóttir
Fjölskylduhjálpi Íslands	Katrín Júlíusdóttir	Rakel Þorbergsdóttir	Vilborg Lilja Bragadóttir
Flugfélag Íslands	Kaupás	Redd Lights	Viðistaðaskóli
Fréttablaðið	KFC	Reitir	WOW Cyclothon
Garðheimar	Klara Sól Ágústsdóttir	Reykjavíkurborg	Þuríður Helga Jónasdóttir
Gámaþjónustan	Kolbrún Björnsdóttir	Saffran	Þuríður Sigurðardóttir
Gerður Kristný Guðjónsdóttir	Kortþjónustan	Saga Film	Ölgerðin



# Save the Children og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Saga Barnaheilla, Save the Children samtakanna og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er samofin. Það var stofnandi Save the Children samtakanna Eglantyne Jebb sem skrifaði fyrstu drög að sáttmála um mannréttindi barna. Árið 1921 hélt Jebb á fund International Union í Genf í Sviss með tillögu að sáttmála sem átti að tryggja börnum alþjóðlega viðurkenningu á sérstöðu þeirra og réttindum. Tillagan byggði á stefnu-yfirlýsingu þeirri sem Eglantyne hafði ritað fyrir Save the Children. Niðurstaðan varð hin svokallaða Genfaryfirlýsingin Þjóðarbandalagsins frá árinu 1924 en í henni var að finna ýmsar grundvallarreglur um vernd og umönnun barna. Genfaryfirlýsingin var grunnurinn að yfirlýsingu um réttindi barnsins sem var samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 1959. Hvorki Genfaryfirlýsingin né yfirlýsing SP um réttindi barnsins voru formlega bindandi að þjóðarrétti.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, eða Barnasáttmálinn eins og hann er oftast nefndur í daglegu tali, var lagður fyrir allsherjarþing SP fullbúinn til undirritunar og fullgildingar, þann 20. nóvember árið 1989.

## **Stofnun Barnaheilla – Save the Children á Íslandi**

Á sumarmánuðum árið 1988 ákvað fagfólk á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans að tímabært væri að stofna félagsskap, sem hefði það að meginmarkmiði að auka rétt barna í íslensku samfélagi og var „Rædda barnen“ í Svíþjóð höfð til hliðsjónar.

Vigdís Finnbogadóttir, páverandi forseti Íslands, var virkur þátttakandi í undirbúningsstarfinu og þann 24. október 1989 var stofnfundur samtakanna haldinn. Vigdís var að eigin ósk skráð sem stofnfélagi númer eitt og síðar gerðist hún opinber verndari Barnaheilla. Nafnið Barnaheill er m.a. komið úr smíðju hennar, Höllu Þorbjörnsdóttur og Ernu Þorleifsdóttur.

Þann 28. febrúar 2013 var Barnasáttmálinn lögfestur á Íslandi. Það má segja að saga alþjóðasamtaka Barnaheilla, Save the Children, sé samofin sögu mannréttinda barna og barnasáttmála SP. Í dag eru aðildarfélögin 29 og starfa í 120 löndum. Barnasáttmálinn er nú sem endranær leiðarljós samtakanna og verkefni þeirra um heim allan miða að því að uppfylla ákvæði sáttmálans og tryggja börnum rétt sinn.



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi